


**Afstöðumynd**
1 : 500



**Yfirlitsmynd**
1 : 5000

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

# Byggingarlýsing og greinagerð

Þingvellir, Sandskeið, F-gata nr. 9
Landnúmer: 170716
Matshluti: 01og 02
Staðgreinir: 8721-5-37600090
Lóðarstærð: 5.000 m²
Fasteignanúmer: 234-6866

**Almennt:**
Um er að ræða 100 m$^2$ nýbyggingu, frístundahús MHL01 og 40 m$^2$ geymslu MHL02 stað. Húsin eru á einni hæð. Aðkoma að húsunum er norðan við húsin um F-götu sem liggur út frá Sandskeiði. Frístundahúsið er í notkunarflokki flokki 3 skv.Byggingarreglugerð nr 112/2012. Skemman er í notkunarflokki flokki 1.

**Helstu stærðir:**
Lóðarstærð: 5000 m$^2$

MATSHL 01
Brúttóflatarmál A /B lokun= 134,0 m$^2$
Brúttórúmmál = 397,3 m$^3$
Nýtingarhlutfall = 0,026

MATSHL 02
Brúttóflatarmál A / B lokun = 40,0 m$^2$
Brúttórúmmál = 140,5 m$^3$
Nýtingarhlutfall = 0,008

Samanlagt MATSHL 01 og 02
Brúttóflatarmál = 140,0 m$^2$
Brúttórúmmál= 537,8 m$^3$
Nýtingarhlutfall= 0,034

Húsin eru byggð úr innfluttum forsmíðuðum timbureiningum sem eru reistar á staðnum. Húsin eru byggð ofan á steinsteypta járnbenta plötu.
Allt byggingarefni húsanna uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar sbr: Byggingarefni skulu uppfylla gr. 4.5.2 í BR. 112/2012.

**Burðarvirki og einangrun:**
Sökklar og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu sem steypt er á staðnum. Botnplata verður steypt í 120 mm þykkt með ísteyptum gólfhita. Einangrun undir botnplötu er 100 mm harðpressaðuð plasteinangrun og sökklar einangraðir með 100 mm sökkuleinangrun.
Grind í útveggjum er 45 x 145 mm. Berandi innveggir og stífingarveggir eru úr trégrind, ýmist 45 x 95 mm eða 45 x 145 mm.
Þaksperrur 45 x 245 mm.

**Útveggir:**
Útveggir eru einangraðir í grind með 150 mm steinullareinangrun, klæddir að utan með 12 mm OSB plötum sem eru 16 PAM (Z=8,0), þar að utan kemur vindpappi, komið er fyrir lektum 25 x 50 mm og klætt að utan annarsvegar með standandi bárujárnsklæðningu í lit RAL 9005 og hinsvegar með standandi timburklæðningu. Að innan eru útveggir með rakavarnarlagi, 1100 PAM, síðan 45 mm lagnagrind og klæddir með einu lagi af OSB plötum og svo 1 x 12,5 mm gifsplötuklæðningu. Allir útveggir í votrýmum klæðast að innan utan á lagnagrind með votrúmsplötum án pappa af viðurkenndri gerð.

**Þakvirki:**
Húsin eru bæði með einhalla þaki, í sperrubil kemur 220 mm steinullareinangrun með pappa, fest upp með 2mm stálvír sem festur er neðan á sperrur með 20 cm millibili (c/c 200), neðan á sperru kemur rakarvarnarlag 1100 PAM, þá lagnagrind 45 mm / 90 mm og klætt af með 12,5 mm gifsplötuklæðningu. Ofan á sperrur kemur 18 mm OSB plötuklæðning / 25x125 mm borðaklæðning með þakpappa, tvöfaldar lektur og klætt með bárujárni. Þakpappi skal vera af viðurkenndri gerð miðað við uppgefinn þakhalla.

Þakið er útloftað með 25 mm raufum, raufar ná efst á milli sperra í hverju sperrubili með flugnaneti, 3 -4 í hverju sperrubili. Loftun skal að lámarki vera 1000mm$^2$ á hvern fermetra þaks sbr. BR 112/2012 gr. 10.5.5.

**Þakkantar** eru klæddir með timbri málað í RAL 9005.

**Gluggar og gler:**
Gluggar eru ál / tré gluggar, timburgluggar með álkápu að utan. Gler er þrefalt K einangrunargler. og U-gildi lágmark 1,5w/w2. Glerjaðir gluggar skulu slagregnsprófaðir samkvæmt gr. 8.2.6 / ÍST EN 1027. Gluggar skulu standast prófunarálag sem er að lágmarki 1100 Pa. Öryggisgler verður í öllum gólfsíðum gluggum/ hurðum, allt gler sem næ 60 cm frá gólfi er öryggisgler, sbr. Byggingarreglugerð 112/2012 gr. 8.5.2. Litur glugga og hurða að utan er RAL 9005.

**Frágangur innanhúss**
Innveggir eru allir einangraðir með steinull og klæddir með OSB plötum og svo 1 x 12,5 mm gifsplötuklæðningu í flokki 1. Allir veggir í votrýmum klæðast að innan með votrúmsplötum án pappa af viðurkenndri gerð. Gólfefni er parket, og flísar á votrýmum og anddyri. Innihurðir verða úr timbri.

**Innihurðir:** Allar innihurðir eru úr timbri, hindrunarlaus breidd skal að lágmarki vera 80 cm

**Neysluvatnskerfi:**
Við inntak er varmaskiptir á heitu neysluvatni, tryggja skal að vatn fari ekki af töppunarstað með hærra hitastig en 60 gráður C.

**Gólfniðurföll:**
Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum hússins.
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum hússins og geymslu með inntökum.

**Inntök og upphitun:**
Inntök fyrir vatn og rafmagn eru í þvotta-rými frístundarhúss. Hita-vatns og raflagnir eru innan við rakavarnarlagið í útveggjum og loftun skv. gr 195.2. og 195.3 í Byggingarreglugerð 112/2012 og skv. ÍST 67:2003.
Frístundarhúsið er hitað upp með loft í vatn varmadælu fyrir neysluvatn og hita í aðalbyggingu, og loft í loft fyrir geymsluna Inn í geymsluna fer kalt vatn inn fyrir neysluvant og verður tengt við hitatengi á vask til að fá heitt vatn.
Frístundarhúsið er upphitað með viðurkenndu gólfhitakerfi. Handklæðaofn á baðherbergi.
Gert verður ráð fyrir tengi fyrir rafstöð til hleðslu á rafbílum.
Upphitunargjafi verður frá varmadælu.

**Veitur og frárennsli:**
Fráveita tengist við rotþró sem staðsett er 8 m. frá lóðamörkum í norðri og við lóðamörk F götu nr 7. gert er ráð fyrir að lóðir 9 og 7 samnýti rotþró. Stærð á rotþró 3800 L.
Gert er ráð fyrir ítarlegri hreinsun en hefðbundinni tveggja þrepa hreinsun sbr. 15. gr. reglugerðar og þá er átt við að hreinsa þurfi næringarefnin úr frávatninu áður en því er hleypt út í umhverfið í samræmi við 15. grein nr.650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Frágangur og útfærsla hreinsivirkja er í samræmi við leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, sbr. 20 grein reglugerðar.

Gólfniðurföll í sturtu er við vegg "unidrain" eða sbr. útfærsla.

**Frárennslukerfi:**
Regnvatn fer í regnvatnslögn og hámarkshitastig þess skal ekki vera hærra en 20 gráður C.

**Loftræsting:**
Loftræsting skv. BR. gr. 10.2.5. Öll rými eru loftræst, vélræn loftræsting er í eldhúsi, snyrtingum, þvottahúsi og skemmu, í öðrum rýmum er náttúruleg loftræsting. Tryggja skal eðlileg og nauðsynleg loftskitpi í votrýmum. Æskilegt er að loftstokkar opnist út undan þakköntum en ekki með túðum á þaki þar sem því verður við komið.

**Einangrunarþykktir einstaka byggingahluta:**
Einangraður útveggur: 150 mm steinullareinangrun 30 kg/m3 ($\lambda$ = 0.037)
Þak einangrun 220 mm steinullareinangrun 30 kg/m3 ($\lambda$ = 0.037)
Einangrun undir botnplötu: 100 mm EPS einangrun 24 kg/m3 ($\lambda$ = 0.033)
Einangrun sökkla: 100 mm EPS einangrun 24 kg/m3 ($\lambda$ = 0.033)
Útveggir vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir): 0,61 W/m$^2$K

Einangrun er miðuð við ákvæði kafla 13 byggingareglugerða og gr 13.3.1 um hámark U-gildi einstakra byggingarhluta og að vegið meðaltal U-gildi útveggja verði uppfyllt skv. gr. 13.3.2.

**Hljóðvist:**
Húsið skal að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistar skv.
ÍST 45 flokkur C.

**Brunavarnir:**
Frístundahúsið (sjálfstætt brunahólf) er í notkunarflokki 3 og geymslan (sjálfstætt brunahólf) í notkunarflokki 1. skv. BR. nr. 112/2012
Brunamótstaða aðalburðarvirkis veggja og þaks ekki lakari en EI60.
Handslökkvitæki er staðsett í forstofu og í geymslu. Klæðning lofta er ekki lakari en í flokki 2. Reykskynjurum er komið fyrir í öllum rýmum. (srb. gr. 9.4.3) Slökkvitæki, dufttæki og eldvarnarteppi er í eldhúsi. Reykskynjari geymslu er samtengdur reykskynjara hússins. BO= björgunarop eða flóttaleið eru úr gistirýmum stærðir skv. BR.
Frágangur á kamínu/arins skal vera í samkvæmt gr. 9.6.5 og 6.6.6 í BR.112/2012.
Aðgegni slökkvuliðs er um lóð á jörðinni.

**Lóð:**
Endanlegur lóðafrágangur verður skv. Lóðarteikningu. Lóð verður raskað eins lítið og mögulegt er.
Bílastæði eru á lóðinni við skemmu, gert er ráð fyrir 3 bílastæðum og rafhleðslutöð fyrir rafbíla við bílastæðin.

Heitur pottur skal vera staðsettur a.m.k. 0,4 m yfir göngusvæði og útbúinn læsanlegu loki.(gr.12.10.4). Möguleiki á útisturtu á svæði við verönd við heitan pott. Útgengt er frá aðalbaðherbergi út á lóð þar sem pottur verður staðsettur.

**Algild hönnun:**
Umferðarbreidd inngangshurðar er minnst 830 mm (hindrunarlaus). Allir þröskuldar eru lágir og miðað við að innihurðir séu almennt þröskuldalausar. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangdyr / útidyr ekki vera hærri en 25 mm. Gólf verandar má mest vera 100 mm lægra en gólf byggingar að meðaltöldum þröskuldi, að því tilskyldu að skábraut sé komið fyrir að utanverðu upp að þröskuldi. 1500 mm snúnings hringur er í andyri, svefnherbergi og baðherberbergi. Auðvelt er að bæta aðgengi fyrir alla með því að aðlaga innréttingar og skápa ef þess þarf.

**Sorp:**
Sameiginlegur sorpgámur fyrir Sandskeið er við hliðið inn á svæðið við þjóðveg 36. Sorphirða er í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni.

**Annað:**
Auðkenni um staðsetningu frístundarhúss sem gefa má upp til neyðarlínu skal vera utandyra á útvegg.

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila eða eru CE-merktar sbr. gr. 4.5.2 í BR. nr. 112/2012.

SKÝRINGARTEXTI:

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| HST | Handslökkvitæki |
| LR | Lokað rými / Loftræsting |
| ÞV | Þvottavél |
| ÞU | Þurrkari |
| RH | Rafhleðsla |
| Útg. | Rýmingarleið |
| ÖG | Öryggisgler |
| 0101 | Rýmisnúmer. |
| GK:00.00 | Gólfkóti grunnmynd |
| GK:00.00 | Gólfkóti snið |
| K:00.00 | Kóti |
| R | Reykskynjari. |
| — — — — — | Byggingareitur |
| — · — · — | Lóðamörk |

ATH-Allt gler sem nær niður að gólfi skal vera öryggisgler og uppbygging (Hert og/eða samlímt) aðlöguð aðstæðum.

| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

**Frístundarhús**
TEGUND VERKS

Þingvellir - Sandskeið, F-gata nr. 9
GATA/STAÐSETNING

**Afstöðumynd/Byggingarlýsing**
Aðaluppdráttur

| | |
|---|---|
| VERKKAUPI: | Björn Hólmgerisson |
| KENNITALA VERKKAUPA: | 300875-4089 |
| LANDNÚMER: | 170716 |
| STAÐGR.: | 8721-5-37600090 |
| MHL: | 01 og 02 |
| MKV.: | 1:500 / 1:5000 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 06.07.2023 |
| TEIKNAÐ: | SHP |
| YFIRFARIÐ: | ADS |

**2314** VERKNR.
**1.00.01** TEIKNINGANR.
— ÚTGÁFA

ARKIBYGG
arkitektar

ÁSTRÍÐUR BIRNA ÁRNADÓTTIR FAÍ
kt: 220684-2459

STEFANÍA HELGA PÁLMARSDÓTTIR BFÍ
kt: 210382-4539

Tjarnagata 10, 101 Reykjavík - S: 781-3442 / 663-1823 - arkibygg@arkibygg.is - www.arkibygg.is

© ARKIBYGG ARKITEKTAR
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI







**Snið C**
1 : 100




**01-Hæð 1**
1 : 100




**Snið A**
1 : 100




**Snið B**
1 : 100

SKÝRINGARTEXTI:

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| HST | Handslökkvitæki |
| LR | Lokað rými / Loftræsting |
| ÞV | Þvottavél |
| ÞU | Þurrkari |
| RH | Rafhleðsla |
| Útg. | Rýmingarleið |
| ÖG | Öryggisgler |
| 0101 | Rýmisnúmer. |
| GK:00.00 | Gólfkóti grunnmynd |
| GK:00.00 | Gólfkóti snið |
| K:00.00 | Kóti |
| R | Reykskynjari. |
| - - - - | Byggingarreitur |
| —·—·— | Lóðamörk |

ATH-Allt gler sem nær niður að gólfi skal vera öryggisgler og uppbygging (Hert og/eða samlímt) aðlöguð aðstæðum.

| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

**Frístundarhús**
TEGUND VERKS

Þingvellir - Sandskeið, F-gata nr. 9
GATA/STAÐSETNING

**Grunnmynd og snið**
Aðaluppdráttur

| | |
|---|---|
| VERKKAUPI: | Björn Hólmgerisson |
| KENNITALA VERKKAUPA: | 300875-4089 |
| LANDNÚMER: | 170716 |
| STAÐGR.: | 8721-5-37600090 |
| MHL: | 01 og 02 |
| MKV.: | 1 : 100 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 06.07.2023 |
| TEIKNAÐ: | SHP |
| YFIRFARIÐ: | ADS |

**2314** VERKNR. **1.01.01** TEIKNINGANR. – ÚTGÁFA


ARKIBYGG arkitektar

ÁSTRÍÐUR BIRNA ÁRNADÓTTIR FAÍ
kt: 220684-2459

STEFANÍA HELGA PÁLMARSDÓTTIR BFÍ
kt: 210382-4539

Tjarnagata 10, 101 Reykjavík - S: 781-3442 / 663-1823 - arkibygg@arkibygg.is - www.arkibygg.is



© ARKIBYGG ARKITEKTAR
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI


Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.




## 01-Suður
1 : 100




## 02-Vestur
1 : 100




## 03-Norður
1 : 100




## 04-Austur
1 : 100

SKÝRINGARTEXTI:

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| HST | Handslökkvitæki |
| LR | Lokað rými / Loftræsting |
| ÞV | Þvottavél |
| ÞU | Þurrkari |
| RH | Rafhleðsla |
| Útg. | Rýmingarleið |
| ÖG | Öryggisgler |
| 0101 | Rýmisnúmer. |
| GK:00.00 | Gólfkóti grunnmynd |
| GK:00.00 | Gólfkóti snið |
| K:00.00 | Kóti |
| R | Reykskynjari. |
| – – – – – | Byggingareitur |
| —·—·— | Lóðamörk |

ATH-Allt gler sem nær niður að gólfi skal vera öryggisgler og uppbygging (Hert og/eða samlímt) aðlöguð aðstæðum.

| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

**Frístundarhús**
TEGUND VERKS

Þingvellir - Sandskeið, F-gata nr. 9
GATA/STAÐSETNING

**Ásýndir**
Aðaluppdráttur

| | |
|---|---|
| VERKKAUPI: | Björn Hólmgerisson |
| KENNITALA VERKKAUPA: | 300875-4089 |
| LANDNÚMER: | 170716 |
| STAÐGR.: | 8721-5-37600090 |
| MHL: | 01 og 02 |
| MKV.: | 1 : 100 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 06.07.2023 |
| TEIKNAÐ: | SHP |
| YFIRFARIÐ: | ADS |

| **2314** | **1.02.01** | – |
|---|---|---|
| VERKNR. | TEIKNINGANR. | ÚTGÁFA |

ARKIBYGG
arkitektar

ÁSTRÍÐUR BIRNA ÁRNADÓTTIR FAÍ
kt: 220684-2459

STEFANÍA HELGA PÁLMARSDÓTTIR BFÍ
kt: 210382-4539

Tjarnagata 10, 101 Reykjavík - S: 781-3442 / 663-1823 - arkibygg@arkibygg.is - www.arkibygg.is

© ARKIBYGG ARKITEKTAR
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.